

Mál nr. 268/2014**M****V v/kaskótryggingar bifreiðarinnar X.****Tjón á bifreið vegna útafaksturs á Hellisheiði 11. júlí 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. september 2014 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur f.h. M dags. 10. september 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi verið að keyra á Hellisheiði þegar framhjól bifreiðar hans brotnaði og bifreiðin fór út af. A málskoti má ráða að M telji að tjón á bifreiðinni hafi orðið á drifskaftri bifreiðarinnar við útafaksturinn og V eigi að greiða bætur vegna þess tjóns.

Nánnar tiltekið telur M að þegar hjól á bifreið hans byrjaði að losna hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og ekið útaf. Það hafi ekki verið fyrr en við útafaksturinn sem bifreiðin skall í jörðina og drifskaftr hennar brotnaði. Þegar af þeirri ástæðu verði tjónið að teljast hluti af útafakstrinum.

V telur að tjón hafi orðið vegna áaksturs eða útafaksturs við það að bifreið M skall í götuna og dekk hennar þrýstist upp í hjólaskál. V kveðst hafa greitt bætur vegna þess tjóns en telur annað tjón hafa orðið áður en áakstur eða útafakstur átti sér stað og megi rekja það til bilunar eða slits bifreiðarinnar. V telur tjónið sem M krefur nú um rakið til þess að spindilkúlur bifreiðarinnar hafi brotnað sem hafi leitt til þess að dekkið losnaði frá og skemmdist er það losnaði frá öxullið og öxulenda, áður en bifreiðin lenti í götunni. V telur að misskilnings gæti um það að tjón hafi orðið á drifskaftri þar sem slíkt sé ekki í framhjólabúnaði bifreiðarinnar heldur snúist málið um tjón á spindilkúlum, öxullið og öxulenda.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort tiltekið tjón á bifreið M hafi orðið við annað hvort áakstur eða útafakstur bifreiðarinnar á Hellisheiði 11. júlí sl. þannig að greiða eigi bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. M ber sönnunarbyrði um að tjón hafi orðið vegna tiltekinna tjónsatburða sem tilgreindir eru í vátryggingarskilmálum. Eins og atburðinum er lýst verður ekki annað séð en að atburðirnir geti annað hvort eða bæði verið áakstur eða útafakstur. Engin gögn liggja fyrir um eðli skemmda á bifreið M frá öðrum en honum sjálfum eða V, annað en einn reikningur frá bifreiðaverkstæði sem felur ekki í sér upplýsingar sem eru þess eðlis að þær upplýsi tímasetningar tjóns. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið með fullri vissu hvort tjón það sem M telur að hann hafi ekki fengið bætt hafi orðið við það að bifreiðinni var ekið á eða útaf eða fyrir það. Telst því ekki sannað að tjón það sem M krefur nú um hafi orðið við annað hvort áakstur eða útafakstur.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 30. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.